

**Kennslusvið**  
7.10.2016/ÞK

## **Drög tillögu um almenna málsmeðferð, ábyrgð og framkvæmd tillagna og ábendinga innri endurskoðanda.**

### **Lagt er til:**

Ábendingum og tillögum í skýrslum innri endurskoðanda sem háskólaráð hefur fjallað um og samþykkt skal beint til sameiginlegrar stjórnarsýslu til úrvinnslu og framkvæmdar innan háskólans. Starfrækt skal sérstök þriggja manna nefnd sameiginlegrar stjórnarsýslu undir forystu framkvæmdastjóra háskólans sem í sitja auk hans tveir fulltrúar sameiginlegrar stjórnarsýslu, skv. nánari ákvörðun rektors. Nefndin kallar aðra starfsmenn háskólans til eftir efninu.

Hlutverk nefndarinnar er að tryggja eftir því sem kostur er úrvinnslu einstakra tillagna og ábendinga til úrbóta, innleiðingu þeirra og framkvæmd innan háskólans eftir því sem við á og aðstæður leyfa. Í því getur m.a. falist undirbúningur tillagna til háskólaráðs að breytingum á reglum og verklagsreglum og samning leiðbeininga og viðmiða um einstök viðfangsefni.

Nefndin hefur náð samráð við rektor og gerir háskólaráði grein fyrir innleiðingu og framkvæmd með reglulegu millibili, að jafnaði fjórum mánuðum eftir hverja samþykktu skýrslu innri endurskoðanda.

### **Skýring**

Tillagan lýtur að almennri málsmeðferð, ábyrgð og framkvæmd tillagna og ábendinga innri endurskoðanda þannig að farvegur fyrir þær verði skýr og skilvirkur. Lagt er til að starfrækt verði þriggja manna nefnd sameiginlegrar stjórnarsýslu undir forystu framkvæmdastjóra háskólans, sem í sitji auk hans tveir fulltrúar stjórnarsýslu. Viðvarandi viðfangsefni nefndarinnar verði að vinna úr og innleiða tillögur til úrbóta. Gert er ráð fyrir að nefndin kalli aðra starfsmenn háskólans til eftir því sem við getur átt og undirbúi jafnframt, eftir því sem tilefni þykir til, tillögur til háskólaráðs að breytingum á reglum og verklagsreglum. Auk þess sjái hún til þess að samdar verði leiðbeiningar og viðmið um fyrirkomulag og framkvæmd einstakra viðfangsefna.